

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2017

2018/EES/37/08

frá 16. júní 2017

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttnum ökutækjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2012 frá 6. janúar 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar gagnagjafa og gagnamælipætti sem aðildarríkin skulu tilkynna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011/ESB ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 frá 6. nóvember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar reglur um umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun á koltvísýringi að því er varðar ný létt atvinnuökutæki ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2013 frá 21. ágúst 2013 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 í þeim tilgangi að leiðréttu meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010 sem er tilgreint fyrir framleiðandann Piaggio ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 253/2014 frá 26. febrúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 510/2011 til að skilgreina fyrirkomulag til að ná fram markmiðum fyrir árið 2020 til að draga úr losun koltvísýrings frá nýjum léttnum atvinnuökutækjum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 404/2014 frá 17. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttnum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 410/2014 frá 23. apríl 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttnum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjútúð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútúð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 2.

⁽³⁾ Stjútúð. ESB L 98, 4.4.2012, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútúð. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútúð. ESB L 285, 29.10.2013, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútúð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 38.

⁽⁷⁾ Stjútúð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjútúð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 21.

- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2014 frá 25. apríl 2014 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ⁽⁹⁾.
- 10) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 21aw (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/757) í XX. viðauka við samninginn:

„21ay. **32011 R 0510:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0205:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 205/2012 frá 6. janúar 2012 (Stjtíð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 2),
- **32014 R 0253:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 253/2014 frá 26. febrúar 2014 (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 38),
- **32014 R 0404:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 404/2014 frá 17. febrúar 2014 (Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirgrein verður bætt við 2. mgr. 7. gr.:

„Ef í hópnum eru einungis framleiðendur sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum, skulu framleiðendurnir skila upplýsingunum inn til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ef í hópnum er að minnsta kosti einn framleiðandi sem hefur staðfestu í Bandalaginu og að minnsta kosti einn framleiðandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríkjunum, skulu framleiðendurnir skila upplýsingunum inn til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 7. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna framleiðendum sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum.“

- c) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 7. gr.:

„Ef í hópnum eru einungis framleiðendur sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum, skulu framleiðendurnir í sameiningu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA. Ef í hópnum er, eða hópurinn er stækkaður þannig að í honum er að minnsta kosti einn framleiðandi sem hefur staðfestu í Bandalaginu og að minnsta kosti einn framleiðandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríkjunum, skulu framleiðendurnir í sameiningu skila upplýsingunum inn til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- d) Í 5. mgr. 7. gr. koma orðin „53. og 54. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og orðið „EES“ kemur í stað orðsins „Sambandið“.

- e) Í 7. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.

- f) Einnig skal geyma gögnin sem EFTA-ríkin leggja fram í miðlægri skrá sem um getur í 4. mgr. 8. gr.

⁽⁹⁾ Stjtíð. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 57.

- g) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 8. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal gera útreikningana sem settir eru fram í fyrstu undirgrein fyrir framleiðendur sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum og tilkynna hverjum framleiðanda sem hefur staðfestu í EFTA-ríkjunum í samræmi við aðra undirgrein.“

- h) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 5. og 6. mgr. 8. gr. og 3., 4., 5. og 6. mgr. 11. gr.

- i) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 9. gr.:

„Ef samlagsstjórnin eða framleiðandinn hefur staðfestu í EFTA-ríki skal Eftirlitsstofnun EFTA leggja á umframlosunargjaldið.

Upphæð umframlosunargjaldsins verður skipt milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnun EFTA í hlutfalli við hlutdeild í skráningum nýrra léttra atvinnuökutækja sem skráð eru í ESB eða EFTA-ríkjunum, hvoru um sig, í hlutfalli við heildarfjölda nýrra léttra atvinnuökutækja á EES-svæðinu.“

- j) Eftirfarandi undirgreinum verður bætt við 3. mgr. 9. gr.:

„Framkvæmdastjórnin skal nota viðurkenndar aðferðir vegna innheimtu umframlosunargjalds eins og kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/99/ESB skv. 1. gr., einnig í tengslum við skráningar í EFTA-ríkjunum á framleiðendum sem hafa staðfestu í ESB.

Eftirlitsstofnun EFTA skal ákvarða aðferðirnar vegna innheimtu umframlosunargjalds skv. 1. mgr. Aðferðirnar skulu byggjast á aðferðum framkvæmdastjórnarinnar.“

- k) Eftirfarandi undirgrein verður bætt við 4. mgr. 9. gr.:

„EFTA-ríkin skulu ákvarða úthlutun upphæða umframlosunargjalds að því er varðar EFTA-ríkin.“

- l) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn er orðunum „, eða, ef um er að ræða framleiðanda sem hefur staðfestu í EFTA-ríkjunum, fyrir Eftirlitsstofnun EFTA,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“ í 2. mgr. 11. gr.

- m) Eftirfarandi undirgrein verður bætt við 2. mgr. 12. gr.:

„Birgjar eða framleiðendur sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum skulu senda umsóknir samkvæmt þessari grein til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal forgangsraða slíkum umsóknum á sama hátt og öðrum umsóknum samkvæmt þessari grein.“

- n) Eftirfarandi undirgrein verður bætt við 4. mgr. 12. gr.:

„Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem viðurkenna nýsköpunartækni í samræmi við þessa grein hafa almennt gildi og skulu teknar upp í EES-samninginn.“

- o) Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtenstein.

21aya. **32012 R 0293**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011/ESB (Stjtíð. ESB L 98, 4.4.2012, bls.1), eins og henni var breytt með:

- **32014 R 0410**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 410/2014 frá 23. apríl 2014 (Stjtíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 21).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 9. og 10. gr. er orðunum „eða ef um er að ræða framleiðanda sem hefur staðfestu í EFTA-rikinum, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórninni“.
- b) Ákvæði 3. tl. 10. gr. a gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

21ayb. **32013 R 0114**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 frá 6. nóvember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar reglur um umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun á koltvísýringi að því er varðar ný létt atvinnuökutæki (Stjtíð. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32013 R 1047**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2013 frá 21. ágúst 2013 (Stjtíð. ESB L 285, 29.10.2013, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Með fyrirvara um bókun 1 við samninginn er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 1. mgr. 6. gr.
- b) 2. mgr. 6. gr. og netfangið sem sett er fram í I. viðauka gildir ekki að því er varðar Eftirlitsstofnun EFTA.

21ayc. **32014 R 0427**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2014 frá 25. apríl 2014 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð. ESB, L 125, 26.4.2014, bls. 57).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 510/2011 og (ESB) nr. 253/2014, framseldra reglugerða (ESB) nr. 205/2012, (ESB) nr. 114/2013, (ESB) nr. 1047/2013 og (ESB) nr. 404/2014 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 293/2012, (ESB) nr. 410/2014 og (ESB) nr. 427/2014 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. júní 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. júní 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.